

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-24/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rúmdýnu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess seljandi afhendi sér nýja samskonar ógallaða dýnu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 22. mars sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 6. apríl. Með bréfi, dags. 13. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 27. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 8. september, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 27. október 2012 keypti álitsbeiðandi rúmdýnu með heitinu Shape heilsudýna 160*200*24 af seljanda fyrir kr. 103.410. Segist álitsbeiðandi hafa keypt dýnuna með 5 ára ábyrgð. Segir álitsbeiðandi að fyrir jólin 2015, um 3 árum eftir kaupin, hafi dýnan verið orðin sigin í miðjunni og kvartaði álitsbeiðandi undan þessu við seljanda. Eftir ítrekuð símtöl álitsbeiðanda kom loks starfmaður seljanda að skoða dýnuna í lok janúar. Sá taldi dýnuna ekki gallaða, en bauð álitsbeiðanda engu að síður nýja dýnu með afslætti, gegn því að seljandi fengi gömlu dýnuna afhenta. Segist álitsbeiðandi telja dýnuna gallaða og krefst nýrrar afhendingar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. að starfsmaður seljanda hafi skoðað dýnuna og ekki talið hana haldna galla. Engu að síður hafi álitsbeiðanda verið boðið að kaupa nýja dýnu með afslætti, hefði hann hug á að skipta um dýnu. Segist seljandi vinna eftir því viðmiði að ef um sig í svampdýnu sé að ræða, sem sé meira en 2,5 cm, sé um galla að ræða, annars ekki. Sigið í dýnu álitsbeiðanda hafi verið minna en það, sem seljandi telji eðlilegt.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi rúmdýnu af seljanda hinn 27. október 2012 fyrir kr. 103.410

Álitsbeiðandi heldur því fram að dýnan sé haldin galla. Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.”

Kærunefndin telur rétt að rekja, að í kauparétti gildir sú meginregla að sá sem heldur fram galla, þarf að sýna fram á að sá galli sé til staðar. Slíkt er hægt að gera .t.a.m. með því að leggja fram ljósmyndir af hinum meinta galla sem og að leggja fram mælingar á dýnunni, eða mat óháðs aðila á ástandi hennar. Engin viðlíka gögn hafa verið lögð fram í málinu af hálfu álitsbeiðanda og raunar ekkert sem styður fullyrðingar hans um að dýnan sé haldin galla. Gegn neitun seljanda á því að dýnan sem um ræðir sé haldin galla, verður því ekki fallist á að hún sé það, í skilning 16. gr., sbr. 15. gr. laganna. Verður því þegar af þeim sökum að hafna kröfu álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson